

Áveitan

1. tbl. 4. árgangur. Janúar 2010.

Frjálsíþróttæfingar

Nú fara íþróttæfingar innanhúss á vegum Baldurs, Samhygðar og Vöku fyrir eldri krakka að byrja aftur eftir jólafrí. Þær breytingar hafa verið gerðar vegna fjölda krakka sem mæta á æfingarnar að skipta hópnunum upp.

5.-7. bekkur verður á þriðjudögum frá kl 20:00 - 21:30.

8. bekkur og eldri verður á miðvikudögum frá kl 19:30 - 21:00.

Æfingarnar byrja þriðjudaginn 12. janúar og miðvikudaginn 13. janúar. Rúnar Hjálmarsson þjálfar báða aldurshópana.

Ungmennafélögin



Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélagin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir
fanneyo@emax.is

Frá sveitarstjóra

Ágætu íbúar Flóahrepps

Mínar allra bestu óskir um gott og farsælt nýtt ár sendi ég ykkur nú í upphafi árs 2010 með þökk fyrir ánægjulegt og gott samstarf á liðnu ári.

Það hefur ýmislegt gerst á árinu sem nú er nýliðið eins og gengur við rekstur sveitarfélags. Það sem stendur þó upp úr að mínu mati þegar horft er til baka og árið skoðað og ég vil sérstaklega þakka fyrir er þó mannlífið og hinir ýmsu viðburðir því tengdu.

Þar ber hæst Fjör í Flóa sem haldin var í byrjun júní í einstakri veðurlíðu þar sem ríkti sól í heiði og sól í sinni, allir glaðir og ánægðir og fjöldi manns sem sótti hina ýmsu viðburði um allt sveitarfélagið, einstaklega skemmtilegir og gefandi dagar.

En ef alvarlegri mál eru skoðuð má kannski fyrst nefna vatnsmál sem hafa tekið mikinn tíma og kostað margar fundarsetur. Nú sér vonandi til lands í þeim málum en stefnt er að undirritun samnings nú í upphafi árs við sveitarfélagið Árborg um sameiginlega vatnsöflun. Áætlað er Flóahreppur fái vatn úr miðlunargeymi Árborgar við rætur Ingólfsfjalls. Leggja þarf nýja lögn frá geymi að Ölfusárbrú, dreifiveita Árborgar þarf að styrkja og lögð verður ný lögn frá Mjólkurbúi í miðlunartank Flóahrepps sem verður í Ruddakrók. Einnig er gert ráð fyrir lögn með nýrri brú þegar þar að kemur.

Reiknað er með bráðabirgðaraðgerðum sem nýtast í heildarframkvæmdinni til að tryggja Flóahreppi vatn strax næsta vor.

Þingdalslindin hefur verið endurbætt, hún fóðruð og sett upp ný dæla en hún mun áfram þjóna sínum neytendum.

Framkvæmdir við Flóaskóla eru eitthvað á eftir áætlun en verktakinn reiknar með að ná þeirri seinkun upp. Þegar þessi orð eru skrifuð er beðið eftir réttum skilyrðum fyrir þriðju veggjasteypu en frost hefur tafið fyrir steypuframkvæmdum. Gangur verks hefur verið nokkuð góður í desember, búið er að steypa botnplötu og tvær veggjasteypur á 1. hæð. Gluggasmíði er komin af stað og verða þeir tilbúnir í málningu um miðjan janúar. Fyrirtækið Fosstraf mun annast raflagnavinnu en þeir komu með hagstæðustu verðhugmyndir í það verk þegar auglýst var eftir þeim.

Vinnuhópur um framkvæmdir sem skipaður er oddvita, sveitarstjóra, skólustjóra og umsjónarmanni fasteigna hefur fundað átta sinnum með verktaka og hönnuði eftir atvikum. Allar fundargerðir eru aðgengilegar á heimasíðu Flóahrepps.

Enn er beðið frekari upplýsinga frá Samgönguráðuneyti og Jöfnunarsjóði vegna framlags sem búið var að veita vilyrði fyrir af hálfu sjóðsins en ákveðið að fresta. Því hefur sveitarstjórn mótmælt harðlega og Samband íslenskra sveitarfélaga ásamt Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga hafa lagst á árar með sveitarstjórn í þessu máli. Óskað hefur verið eftir svari um hvort og þá hvenær framlag verði veitt.

Aðalskipulag Flóahrepps í fyrrum Villingaholtshreppi hefur enn ekki verið staðfest af umhverfissráðherra. Allar framkvæmdir í fyrrum Villingaholtshreppi eru því háðar undanþágubeiðni frá Umhverfissráðuneytinu en lögum samkvæmt á aðalskipulag nú að vera til í öllum sveitarfélögum og í raun engin undanþáguheimild til.

Samkvæmt upplýsingum frá Svandísi Svavarsdóttur umhverfissráðherra vonast hún til að afgreiða skipulagið nú í upphafi árs.

Sveitarstjórn hefur samþykkt að heimila auglýsingu á breytingu aðalskipulags í landi Bitru en Fangelsismálstofnun hefur áhuga á að vera með rekstur fangelsis þar. Margrét Frímansdóttir forstöðumaður Litla-Hrauns kynnti fyrirhugaða starfssemi á íbúafundi sem haldinn var í Þingborg 15. desember s.l. Hún sagði að staðsetning hentaði vel þar sem hægt væri að samnýta ýmsa þætti með Litla-Hrauni. Eftirlit verður mikið og reglur strangar en umhverfið manneskjulegra en á Litla-Hrauni. Fangar munu hafa ákveðið frelsi, þeir hafa aðgang að interneti, fá að versla inn í fylgd fangavarða og munu sjá um eldamennsku sjálfir. Ef af þessu verður mun verða leitað til sveitarfélagsins um hugsanleg störf fyrir fangana.

Þegar auglýsing verður birt hafa allir þeir sem telja sig málið varða, rétt til að skila inn athugasemdum. Margrét Frímansdóttir er tilbúin að svara öllum fyrirspurnum sem kunna að vakna vegna starfssemi fangelsins. Netfang hjá henni er margret.frimansdottir@tmd.is

Sveitarstjórn hefur sett samþykktir um hundahald í sveitarfélaginu. Það er gert m.a. til að hindra truflun af lausagöngu hunda og að þeir séu á skólalóðum á skólatíma en það hefur því miður komið fyrir með skelfilegum afleiðingum þegar lítil stúlka var bitin af hundi í haust.

Gert er ráð fyrir því að hundaeigendur skrái hunda sína á skrifstofu sveitarfélagsins gegn mjög hóflegu gjaldi sem greiðist í eitt skipti og er áætlað 1.500 kr. Sveitarfélagið mun panta merkisþjöld fyrir hunda þar sem fram kemur símanúmer eiganda og nafn hunds.

Samþykktin er nú í formlegu ferli, Heilbrigðisnefnd Suðurlands hefur veitt jákvæða umsögn og beðið er staðfestingar Umhverfissráðuneytis. Þegar því er lokið verður samþykktin birt á heimasíðu Flóahrepps.

Fjárhagsáætlun Flóahrepps var afgreidd og samþykkt á fundi sveitarstjórnar 16. desember s.l.

Í áætlun er gert ráð fyrir óbreyttum álagningarreglum frá fyrra ári, óbreyttu vatnsgjaldi en sorpgjöld munu hækka. Þar ræður mestu lokun Kirkjuferjuháleigu sem verið hefur urðunarstaður Sunnlendinga um árabíl en nú þarf að flytja allt sorp í Álfsnes, Kjalarnesi þar sem sorpurðunarkostnaður er margfalt hærri en kostnaður við urðun sorps í Kirkjuferjuháleigu. Við þetta bætist síðan flutningur yfir Hellisheiði. Það er ánægjulegt að Flóahreppur skuli vera framarlega í hópi sveitarfélaga á Suðurlandi í sorpflokkun en flest öll sveitarfélög eru að undirbúa frekari flokkun sorps um þessar mundir, ekki síst í ljósi hækkunar á urðunarkostnaði.

Fjárhagsáætlun var að venju unnin í samráði við fræðslunefnd, skólastjóra og leikskólastjóra.

Áætlun gerir ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu um 13 mkr. Ekki er gert ráð fyrir neinum launahækkunum á árinu. Heildarfjárfesting ársins er áætluð 100 mkr, þar af er gert ráð fyrir að Jöfnunarsjóður greiði rúmlega 36 mkr.

Heildurtekjur eru áætlaðar 364 mkr. og rekstrargjöld 354 mkr.

Fjárhagsáætlun má nálgast í heild sinni á heimasíðu Flóahrepps og þeir sem vilja fá hana útprentaða geta haft samband við skrifstofu sveitarfélagsins og óskað eftir því.

Sveitarstjórn Flóahrepps hefur samþykkt breytingu á reglum um lækkun eða niðurfellingu fasteignaskatts í Flóahreppi. Fyrr á árinu féll úrskurður í Samgönguráðuneytinu er varðaði svokallaðan flatan afslátt í ótilgreindu sveitarfélagi. Flóahreppur hefur einnig greitt flatan afslátt til elli- og örorkuþega sem lögheimili eiga í sveitarfélaginu en í ljósi úrskurðar ráðuneytis var samþykkt að breyta reglum samkvæmt eftirfarandi:

Ellilífeyrisþegar og 75% öryrkjar eða meira sem búsettir eru í eigin íbúðarhúsnæði og eiga lögheimili í sveitarfélaginu geta fengið afslátt af fasteignaskatti af því húsnæði sem þeir eiga og búa í og ekki er nýtt af öðrum. Eingöngu er um lækkun af íbúðarhúsnæði að ræða.

Öryrkjar skulu skila inn til skrifstofu sveitarfélagsins skriflegri umsókn fyrir 1. febrúar ár hvert ásamt staðfestu skattframtali næstliðins árs. Umsókn skal enn fremur fylgja vottorð um örorkumat.

Afsláttur til ellilífeyrisþega reiknast samkvæmt upplýsinum frá RSK.

Við ákvörðun lækkunar eða niðurfellingar fasteignaskatta skulu notaðar eftirfarandi viðmiðunarreglur:

	Tekjur einstaklinga	Lækkun	Tekjur hjóna	Lækkun
Allt að	1.910.048	100%	2.530.193	100%
Allt að	2.137.614	75%	2.880.710	75%
Allt að	2.364.101	50%	3.230.152	50%
Allt að	2.585.199	25%	3.580.664	25%

Viðmiðunartekjur eru heildartekjur, þ.e. tekjur sem mynda álagningarstofn tekjuskatts-, útsvars og fjármagnstekjuskatts eins og þessar tekjur voru á næsta ári á undan álagningarári. Viðmiðunarfjárhæðir skulu uppfærðar árlega með tilliti til breytinga á launavísitölu frá upphafi til loka þess tekjuárs sem miðað er við hverju sinni.

Reglur um akstur fyrir fatlaða var einnig samþykktur í sveitarstjórn nýlega. Markmið með akstursþjónustu er að gera eldri borgurum kleift að stunda dagdvöl á Selfossi í Grænumörk 5 og í Vinaminni, dagdvöl fyrir einstaklinga með heilabilunarsjúkdóma.

Rétt til þjónustunnar hafa þeir íbúar sem eru 67 ára eða eldri, eiga lögheimili í sveitarfélaginu og stunda dagdvöl á ofangreindum stöðum.

Umsókn um akstursþjónustu þarf að skila til skrifstofu Flóahrepps með upplýsingum um umsækjanda.

Auglýst er eftir aðila sem gæti tekið aksturinn að sér. Áhugasamir snúi sér til sveitarstjóra Flóahrepps í síma 480 4370 eða á netfangið floahreppur@floahreppur.is

Frá Kvenfélagi Hraungerðishrepps

PRJÓNA-EDA EKKI PRJÓNA

Gleðilegt ár kæru kvenfélagskonur. Við ætlum að hittast í herberginu okkar í Þingborg þriðjudagskvöldið 12. janúar eftir kl 20:15. Þá vindum við okkur í að þrjóna nokkrar ungbarnahúfur vegna 80 ára afmælis KÍ (þið mun-ið).Mætum með dokku af Kambgarni frá Ístex og þrjóna nr.2,5-3,5 eða þá stærð sem hentar ykkur..Ef einhverjar skilja ekki uppskriftina fá þær leiðsögn. Þær sem ekki vilja þrjóna mæta og segja sögur :)

Kveðja, stjórnin

Frá Flóaskóla

Frá Flóaskóla sendi ég öllum íbúum Flóahrepps og öðrum lesendum Áveitunnar óskir um farsæld á nýju ári. Árið 2010 mun marka tímamót í skólasögu sveitarfélagsins þegar ný skólabygging verður tekin í notkun, auk þess sem 9. bekk verður kennt við skólann í fyrsta skipti. Þrátt fyrir erfiðleika í þjóðfélagsmálum undanfarna mánuði verðum við að líta björtum augum til framtíðar og leggja mikinn metnað í áframhaldandi þróun skólastarfsins og frekari uppbyggingu þess. Við eigum að standa vörð um alla þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra og gæta þess að gæði í skólastarfi minnki ekki þó krafa sé um niðurskurð í opinberum rekstri.

Ég legg áherslu á að við höldum áfram að sinna metnaðarfullu starfi í Flóaskóla í góðu samstarfi við foreldra og aðra þá er að skólastarfinu koma. Í stefnu okkar eigum við að hafa fagmennsku og gleði að leiðarljósi og leggja áfram áherslu á að hver einstaklingur fái að njóta sín í náminu. Það er mikil vinna að starfa innan grunnskóla, hvort sem maður telst til nemenda eða starfsmanna. Sú vinna er þó vel möguleg þegar hver og einn sýnir af sér dugnað, samvirkusemi og góða ástundun og mætir með jákvæðu hugarfari til starfa sinna á hverjum morgni.

Nú í janúar fjölgaði í skólanum okkar þegar þrír nýir nemendur hófu nám í 5., 7. og 8. bekk, en það eru systkini sem nýlega fluttu í Hólmasel. Við bjóðum þau velkomin í skólann og munum leggja okkur fram um að auðvelda aðlögun þeirra að nýju umhverfi. Nemendur Flóaskóla eru orðnir 73 og reiknað með að þeir verði 80-85 á næsta skólaári.

Gleðilegt nýtt ár! Kristín Sigurðardóttir, skólastjóri.
kristin@floahreppur.is / gsm 663-5720.

Fréttir frá Krakkaborg

Desembermánuður var skemmtilegur og notalegur hjá okkur í leikskólanum. Í byrjun mánaðarins var komið að því að sækja jólatré handa leikskólanum. Í þetta skiptið var ákveðið að leita ekki langt yfir skammt heldur fara út í garðinn okkar, finna þar hentugt tré og grisja skóginn okkar í leiðinni. Fyrst komu allir saman við varðeld í skóginum þar sem sungin voru nokkur jólalög og þvínæst var jólatréð sagað niður. Að því loknu fengu allir kakó og smákökur og fannst krökkunum mjög spennandi að fá að borða slíkar kræsingar úti í snjókomunni.

Hann Giljagaur vinur okkar kikti í heimsókn og söng með börnunum nokkur jólalög og gaf þeim mandarínur.

Miðvikudaginn 9. desember var sýnd skemmtileg leiksýning í Krakkaborg. Var það leikkonan Þórdís Arnljótsdóttir sem kom og sýndi leikritið „Grýla og jólasveinarnir.“ Óhætt er að segja að börnin skemmtu sér konunglega enda er þetta skemmtileg sýning, sérsniðin fyrir börn á leikskólaaldri.

Jólaball leikskólans var svo haldið miðvikudaginn 16. desember í félagsheimilinu Þingborg. Sr. Sveinn Valgeirsson sagði börnunum söguna af fæðingu Jesú, Regnbogakórinn söng nokkur lög, nemendur úr Tónlistarskóla Árnesinga spiluðu á blokkflautu og svo var dansað í kringum jólatréð undir stjórn Sr. Sveins og Dísu á Bangsadeild. Jólasveinarnir heimsóttu ballið og tóku þátt í gleðinni og gáfu börnunum smá glaðning sem þeir voru með í pokanum sínum. Foreldrafélag Krakkaborgar bauð svo öllum upp á kaffi, svaladrykk og smákökur. Jólaballið heppnaðist mjög vel og var gaman að sjá hversu margir sáu sér fært um að koma.

Af þessu má sjá að desembermánuður var sérlega ánægjulegur og notalegur hér í Krakkaborg. Enda var það eitt af aðalmarkmiðum okkar að hafa gaman að því að vera til og njóta líðandi stundar. Með það veganesti tókum við fagnandi á móti nýju ári með bros á vör full af tillökkun til þeirra verkefna sem bíða okkar. Höldum áfram að gera góðan skóla enn betri. Að lokum óskum við nemendum okkar, fjölskyldum þeirra sem og sveitungum öllum heillaríks nýs árs um leið og við þökkum fyrir það liðna.

Nýárskveðja,

F.h. Starfsfólks Krakkaborgar

Karen Viðarsdóttir og Hallfríður Aðalsteinsdóttir

Þorablót 2010

Okkar árlega þorablót í Þjórsárverri verður haldið 23. janúar. Húsið opnar kl. 20:30 og borðhald hefst stundvíslega kl. 21:00.



Eftir hefðbundin skemmtiatriði og borðhald sér hljómsveitin Hitakútur um að halda uppi fjöri fram eftir nóttu. Miðaverð er það sama og í fyrra, þ.e. 6000 kr. Miðapantanir eru hjá Völu 4863356 / 8639557 og Öldu 4863430 / 8693569 í síðasta lagi 17. janúar.

Nefndin.

Hrósdáلكurinn

Það getur gert mann hálf kindalegan að fá hrós, allavega svona opinberlega. (Skólastjórinn okkar fékk mig nærri því til að jarma). Má segja að meiri vandi geti verið að taka hrósi en að veita. Það er gott að koma ókunnugur inn í þetta sveitarfélag, eigið þið kærú sveitungar þar virkilega stórt hrós skilið. Það er annað sem aðkomufóلك veitir sérstaklega athygli í þessu sveitarfélagi, það má örugglega gera það að sér/einkenni sveitarfélagsins og það eru kúabúin, fjólskyldubúin. Hér í Flóahreppi er engin mjóلكurverksmiðja, -það er ég veit til. Ég vil hrósa þessu dugnaðarfóلكi fyrir skynsemi og þrautseigju. Hér í sveit er meira að segja ungt fóلك að vinna sig inn í að halda þessum fjólskyldukúabúum lifandi. Okkur „Nýbúum „ hér í Gaulverjaskóla þykir mikill heiður af því að hafa nokkur þeirra hér í nágrenni við okkur. Flest eigum við hrós skilið fyrir eitthvað, en hefði ég sest niður og párað eitthvað á blað ef ég hefði ekki fengið áskorun til þess ? Það fáum við aldrei að vita. Ég er sammála ritstjórn um að halda þessum hrósdáلك lifandi fram á vor, það eflir örugglega samstöðu og samkennd hér í sveitarfélaginu. Á ritstjórn HRÓS skilið fyrir óeigingjarnt starf við útgáfu blaðsins okkar Áveitunnar, tengil sveitarinnar, sem við biðum öll eftir í hverjum mánuði.

Ég hvet ykkur til að líta í kringum ykkur kærú sveitungar og senda nokkrar hróslínur í hrósdáلكinn góða, en tek ekki sjensin á því að þið takið þeirri hvatningu og þar með deyi þessi dáلكur, svo það er víst best að senda áskorun. Fyrir valinu verður Bjarni Stefánsson í Túni.

Vil ég fá að misnota aðstöðu mína og óska ykkur lesendur góðir gleði og gæfuríks árs og þakka alla vinsemd, hvatningu og góða hjálp á liðnu ári.

Með vinsemd og virðingu
Oddný Guðmundsdóttir,
Gaulverjaskóla.
www.South-hostel.is

Frá Hrossaræktarfélagi Hraungerðishrepps

Aðalfundur

Aðalfundur Hrossaræktarfélags Hraungerðishrepps verður haldinn miðvikudagskvöldið 20. janúar klukkan 20:30 í Þingborg..

Á dagskrá fundarins er venjuleg aðalfundarstörf. Einnig mætir Gunnar Arnarson hrossaræktandi í Auðsholtshjáleigu með erindi um hrossarækt.

Stjórnin

Úrslit af mótum

Hafsteinsmót í atrennulausum stökkum

Haldið í íþróttahúsinu Baulu við Sunnulæk á Selfossi 12. desember 2009. Vökumennirnir Bjarni Már Ólafsson, Haraldur Einarsson og Rúnar Hjálmarsson stóðu fyrir mótinu og var það liður í fjáröflun fyrir æfingaferð til Tenerife um páskana.

Bjarni Már Ólafsson	'91	Hástökk án atr.	1,40m	5.-7. sæti
		Langstökk án atr.	2,77m	7. sæti
		Þrístökk án atr.	8,71m	3. sæti
Haraldur Einarsson	'87	Hástökk án atr.	1,40m	5.-7. sæti
		Langstökk án atr.	2,80m	6. sæti
		Þrístökk án atr.	8,57m	4. sæti
Ingunn H. Bjarkadóttir	'91	Langstökk án atr.	2,40m	3. sæti
Rúnar Hjálmarsson	'87	Hástökk án atr.	1,35m	8.-10. sæti
		Langstökk án atr.	2,70	11. sæti
		Þrístökk án atr.	8,19m	6. sæti
Tómas K. Guðsteins.	'90	Langstökk án atr.	2,31m	19. Sæti

1. Jólamót ÍR haldið í Laugardalshöllinni 19. desember 2009.

Haraldur Einarsson	'87	60m hlaup	7,47 sek	7. sæti
		200m hlaup	23,44 sek	3. sæti

2. Jólamót ÍR haldið í Laugardalshöllinni 21. desember 2009.

Bjarni Már Ólafsson	'91	60m hlaup	7,65 sek	11. sæti
		Þrístökk	13,11m	1. sæti
Haraldur Einarsson	'87	60m hlaup	7,44 sek	6. sæti
		Þrístökk	12,94m	2. sæti

3. Jólamót ÍR haldið í Laugardalshöllinni 28. desember 2009. .

Bjarni Már Ólafsson	'91	60m hlaup	7,60 sek	9.-10. sæti
		Langstökk	6,07m	3. sæti
Haraldur Einarsson	'87	60m hlaup	7,36 sek	4. sæti
		Langstökk	5,98m	4. sæti
Rúnar Hjálmarsson	'87	Kúluvarp 7,26kg	10,78m	3. sæti

Fréttir frá Umf. Vöku:

Prettándagleðin

Prettándagleðin verður haldin 6. janúar í Þjórsárverri klukkan 20:00. Að venju mun skemmtunin hefjast á leikdagskrá úr smiðju ungmennafélaga, síðan verður flugeldasýning og bingó í kjölfar hennar. Miðaverð er 800 kr fyrir fullorðna, 500 kr fyrir 7-12 ára og ókeypis fyrir 6 ára og yngri. Lofum frábærri skemmtun og hlökkum til að sjá ykkur.

Skemmtinefnd

Fréttir af aðalfundi

Aðalfundur félagsins var haldinn 2. janúar 2010. 18 félagar mættu á fundinn. Lesin var fundargerð síðasta aðalfundar. Þá var farið yfir ársskýrslu og reikninga. Fram kom að starf félagsins var gott á árinu. Afar góður árangur náðist í ýmsum íþróttum og eignaðist félagið nokkra Íslands- og Landsmótsmeistara á árinu, auk þess sem fjölmörg Vökumet voru slegin í frjálsum íþróttum.

Kosningar fóru á þessa leið:

Formaður	Haraldur Einarsson
Gjaldkeri	Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir
Ritari	Helga Björg Helgadóttir
Varastjórn	Ingunn Harpa Bjarkadóttir Bjarni Már Ólafsson
Íþróttanefnd	Sigurbjörg Eva Sigurðardóttir Tómas Karl Guðsteinsson, formaður Sigmar Örn Aðalsteinsson Ingunn Harpa Bjarkadóttir Bjarni Már Ólafsson
Skemmtinefnd	Sveinn Orri Einarsson Guðmunda Ólafsdóttir, formaður Laufey Einarsdóttir Hlynur Logi Erlingsson Halldór Bjarnason
Ritnefnd	Sigurbjörg Eva Sigurðardóttir Fanney Ólafsdóttir, formaður Ingunn Harpa Bjarkadóttir Margrét Ósk Ingjaldsdóttir
Fulltrúar á Héraðsþingi	Haraldur Einarsson Tómas Karl Guðsteinsson, varamaður
Skoðunarmenn	Kristján Gestsson Bjarki Reynisson, varamaður

Þá var verðlaunaafhending. Besta afrek skv. unglíngastígatöflu vann Guðrún Inga Helgadóttir fyrir spjótkastr, 29,96 m og besta afrek skv. alþjóðastígatöflu vann Haraldur Einarsson fyrir 400 m hlaup 51,40 sek. Íþróttamaður ársins var kjörinn Haraldur Einarsson. Félagsmálábíkarinn vann Þorsteinn Logi Einarsson fyrir mikið og gott starf í þágu leiklistar hjá félaginu.

Undir liðnum önnur mál var ýmislegt rætt. M.a. um nýjar fjáraflanir og viðburði hjá félaginu, innheimtu árgjalda, dansnámskeið og fleira, og komu ýmsar góðar hugmyndir fram.

Þakkir frá Umf Vöku

Ungmennafélagið Vaka vill þakka öllum þeim sem aðstoðuðu við matseld og frágang í skótuveislunni sem haldin var á Þorláksmessu í Þjórsárverri. Sérstakar þakkir fá Guðsteinn og Kristín, Egilsstöðum 2, Kristín og Ólafur, Hurðarbaki, Sturla og Mareike, Fljótshólum og Geir og Hjördís, áður í Breiðholti, fyrir að gefa Ungmennafélaginu veitingar til veislunnar.

Ársskýrsla félagsins er komin út. Þeir sem vilja eignast eintak geta haft samband við Fanneyju, fanneyo@emax.is, og fengið það sent.

Stjórnin

Kvinnasport

Minni allar konur í Flóahreppi á kvinnasport á mánudögum og miðvikudögum kl 20:00-21:00 í Þjórsárverri. Tímarnir eru fjölbreyttir og skemmtilegir og lögð er áhersla á góðar æfingar sem henta hverri og einni.

Ég býð einnig upp á mælingar fyrir þær konur sem vilja þ.e. ummálmælingar og fituprósentumælingu ásamt því að bjóða upp á ráðleggingar um mataræði og matardagbók.

Greitt er í lok hvers mánaðar fyrir þá tíma sem mætt hefur verið í.

Við byrjum aftur eftir jólafrí mánudaginn 4. janúar en miðvikudaginn 6. janúar fellur tími niður vegna Þrettándagleði Umf. Vöku í Þjórsárverri.

Hlakka til að sjá ykkur aftur og vonandi bætast enn fleiri í hópinn ☺

Hulda Kristjánsdóttir, íþróttafraeðingur
hulda@floahreppur.is
gsm: 866-3245

Frá Umf. Baldri

Brettándagleði

Fimmtudaginn 7. janúar komum við saman og kveðjum jólin með tilheyrandi brennu og flugeldum. Kveikt verður í kl 20:30. Boðið verður uppá veitingar og farið í bingó og ýmsa aðra leiki. Viljum við hvetja sem flesta til að mæta.

Tekið verður á móti brennuefni á fimmtudaginn 7. janúar á milli klukkan 13.00 og 16.00. Svo nú er kjörinn tími til að taka aðeins til í kringum sig og brenna draslið.

Þeir sem eru uppteknir á þessum tíma en vilja losa sig við drasl geta haft samband við Einar í síma 865-7001.

Skemmtinefnd Umf. Baldurs

Aðalfundur Umf. Baldurs

Aðalfundur Umf. Baldurs verður haldinn þann sunnudaginn 10. janúar næstkomandi klukkan 13:00. Á dagskrá verða venjuleg aðalfundarstörf; skýrslur, kosningar, umræður um störf félagsins og inntaka nýrra félaga.

Íþróttamaður ársins verður útnefndur og veitt viðurkenning fyrir bestu ástundun. Félagsmálabikar verður veittur fyrir góð störf í þágu ungmennafélagsins.

Fyrirliggur að núverandi formaður, Haukur Gíslason ætlar ekki að gefa kost á sér til áframhaldandi formannssetu. Áhugasamir hafi samband við stjórnarmenn.

Félagsmenn eru hvattir til að fjölmenna á aðalfundinn og taka þátt í líflegum umræðum. Enginn þarf að óttast að lenda í stjórn eða nefnd ef hann vill það ekki.

Nýir félagar eru boðnir hjartanlega velkomnir.

Stjórn Umf. Baldurs

Samlestur fyrir þorrablót

Fyrsti samlestur fyrir annáll Umf. Baldurs á komandi þorrablóti verður haldinn mánudagskvöldið 11. janúar klukkan 20:30 í Þingborg. Allir sem ætla að vera með eru vinsamlegast beðnir um að mæta.

Þorrablót í Þingborg

Undirbúningur fyrir þorrablót í Þingborg er nú kominn á gott skrið, en það verður haldið laugardagskvöldið 30. janúar nk. Hljómsveitin Stuðlabandið mun leika fyrir dansi að lokinni hefðbundinni skemmtidagskrá.

Bráðlega verða sendar út allar nauðsynlegar upplýsingar um blótið s.s. hvar hægt sé að panta miða, rútuferðir og fleira. Fylgist með frá byrjun!

Umf. Baldur og skemmtinefnd Sandvíkinga

Árgjald Umf. Baldurs

Athygli félaga Umf. Baldurs er vakin á því að árgjald ungmennafélagsins er kr.

1.000.- Þeir sem eru á aldrinum 7-13 ára greiða hálf árgjald þe.kr. 500.- frítt er fyrir félagsmenn yngri en 7 ára.

Félagar eru vinsamlegast beðnir um að greiða félagsgjaldið í gegnum heimabanka eða hafa samband við viðskiptabankann og biðja gjaldkera um að millifæra. Vinsamlega tilgreinið nafn og kennitölu greiðanda.

Reikningsnúmer Umf. Baldurs er 0586-26-979 og kt. er 471077-0979

Ef spurningar vakna vinsamlegast hafið samband við gjaldkera, Svanhvíti í síma 482-2911 eða á tölvupósti lambastadir@emax.is

Með kveðju,

Svanhvít Hermannsdóttir
gjaldkeri Umf. Baldurs.

Jóla- og Nýárskeðjur!

Umf. Baldur sendir félagsmönnum sínum og öðrum lesendum fréttabréfsins bestu óskir um gott og farsælt nýtt ár, með þökk fyrir samstarf og stuðning á liðnu ári.

HSK mót í frjálsum framundan

Sunnudagurinn 10. janúar. Aldursflokkamót og unglingamót HSK kl. 10:00 – 15:00.

Staðsetning: Frjálsípróttahöllin í Laugardalnum í Reykjavík.

Greinar:

- a. 11-12 ára: 60m hlaup-langstökk-hástökk-kúluvarp-800m hlaup.
- b. 13-14 ára: sama + 60m grindahlaup
- c. Allir flokkar á Unglingamótinu: 60m hlaup-60m grindahlaup-langstökk-hástökk-kúluvarp-800m hlaup.

Þriðjudagurinn 12. janúar Héraðsmót HSK fullorðinna kl 22:00

Staðsetning: Frjálsípróttahöllin í Laugardalnum í Reykjavík.

Greinar: 60m hlaup- langstökk-hástökk-kúluvarp-800m hlaup.

Þriðjudagurinn 19. janúar Héraðsmót HSK fullorðinna, seinni dagur kl. 20:00 – 22:00

Staðsetning: Frjálsípróttahöllin í Laugardalnum í Reykjavík.

Greinar: 60m grindahlaup-200m- þristökk – stangarstökk- 4x200m

Spilakvöld í Félagslund

Á spilakvöldi kvenfélagsins í Félagslund sunnudagskvöldið 27. desember var spilað á sex borðum og hefði það einhverntíma þótt saga til næsta bæjar að Bæhreppingar væru orðnir svo áhugalitlir að koma saman og skemmta sér við spilaborð. Þær Margrét á Syðra-Velli og Guðbjörg í Vorsabæjarhjáleigu stjórnðu spilakvöldinu með skörungsskap og sú aðferð þeirra að veita þremur hæstu hjá hvoru kyni hófleg verðlaun fremur en aðeins þeim slagahæstu var vel til fundin og féll gestum vel í geð. Meðan slagirnir voru taldir nutu gestir góðra veitinga í boði kvenfélagsins og þar skorti ekkert á rausnina.

En aftur að mætingunni. Helmingur samkomugesta voru burtfluttir sveitungar en innansveitar bar mest á fólki sem nýlega er flutt í sveitina. Bændur sáust fáir. Kannski finnst þeim ekkert gaman að hitta fólk og spila með það eða þeir hafa heldur viljað horfa á norsku myndina Himinbláma í sjónvarpinu, hvað veit ég? Einn af nýju íbúunum orðaði það svo að fólkið þyrfti að standa betur saman. Það að mæta á samkomur eins og spilakvöld væri hluti af því að halda úti litlu samfélagi og treysta böndin milli manna.

Mér datt í hug að láta þessi orð hans berast víðar. Þessi skrif eru ekki meint sem aðfinnslur til minna gömlu sveitunga enda hef ég lítill efni á því, maður sem stöku sinnum læt sjá mig á innansveitarsamkomum. En gaman væri nú samt að sjá fleiri úr þeirra hópi á næsta spilakvöldi. Að lokum get ég ekki stillt mig um að þakka Valdimari í Gaulverjabæ, málefnalega og góða grein hans um mjólkurmál í jólablaði Sunnlenska og óska svo mínum gömlu sveitungum gleðilegs nýs árs.

Jón M. Ívarsson frá Vorsabæjarhóli

Fundarboð

Þ listinn í sveitarstjórn Flóahrepps boðar til fundar í Þingborg mánudagskvöldið 11. jan n.k. Á fundinum sem hefst kl. 20:30 verður fjallað um málefni sveitarfélagsins á þessu kjörtímabili og rætt um hvort áhugi er á því að bjóða fram lista í næstu sveitarstjórnarkosningum sem fram eiga að fara í vor. Allir sem áhuga hafa eru hvattir til að mæta.

f.h. hönd fulltrúa þ listans í Flóahreppi
Aðalsteinn Sveinsson



Með hækandi sól

Þrjónakvöld

Hvenær : *Fimmtudaginn 21. janúar* ,

Hvar : *Gaulverjaskóla, Kl 20.00*

Pistillinn

Sælir góðir sveitungar.

Það er alltaf erfitt þegar maður á að skrifa bara eitthvað sem manni dettur í hug, og þá verður maður að láta sér detta eitthvað í hug, og ég ætla að reyna.

Það er eins hjá okkur og hjá Má í Dalbæ margt hefur breyst síðan við fluttum hingað í sveitina fyrir hátt í fjórtíu árum og margt á eftir að breytast á næstu árum. Það sem mér finnst standa uppúr, sem gert hefur verið á þessum árum, eru m.a. samgöngubæturnar, það voru ekki margir dagarnir sem maður bölvaði ekki vegunum vegna þess hversu holóttir þeir voru. Eins gat verið erfitt á veturnar að komast í vinnu á Selfoss. Fjarskiptatækninn er einnig orðinn gjörbreytt. Áður fyrr var símstöðin í Gaulverjabæ aðeins opinn nokkra tíma á dag en nú er m.a. hægt að ná í kvikmyndir inn í tölvuna allan sólarhringinn. Og margt á eftir að breytast á komandi árum og spá sumir því að breytingarnar geti orðið mun afdrifaríkari en verið hefur undanfarin ár.

Á komandi árum mun fólk hafa meiri frítíma, og mun ásókn í ýmiskonar afþreyingar aukast og þar á meðal útivist. Mikilvægt er þess vegna að skipulag sveitarfélaga taki mið af auknum áhuga fólks í allskonar útivist og að í aðalskipulögum verði tekin frá svæði þar sem fólk geti notið útivistar. Eins þarf að gera ráð fyrir að líklega á eftir að aukast ásókn fólks í að búa utan þéttbýlissvæða. Verður þá ásóknin mest í að búa á jaðarsvæðum þéttbýlisins, vegna nálægðar við vinnumarkaðinn. Þetta mun hafa í för með sér að öll vinna við aðalskipulög þarf að vanda til eins og hægt er og að gott samband sé við íbúa þar sem er verið að skipuleggja, einnig að íbúarnir komi að vinnuni við skipulögin.

Þetta er búið að vera heldur háfleygt hjá mér þess vegna kemur einn léttur í lokinn.

Bush Bandaríkjaforseti varð fyrir alvarlegu áfalli. Bókasafnið hans brann til grunna. Báðar bæurnar eyðilögðust og hann var bara búinn að lita í aðra þeirra.

Ég ætla að tilnefna Geir í Gerðum til að rita næsta pistil.

Ástráður Guðmundsson Eystri- Hellum.

Frá Umf. Samhygð

Þrettándagleði í Félagslundi

Að kvöldi þrettánda dags jóla, 6. janúar, stendur Umf. Samhygð fyrir þrettándagleði í Félagslundi. Kveikt verður í bálkesti kl. 20:00 við Félagslund og síðan verður gengið til dagskrár í húsinu á eftir. Allir velkomnir.

Aðalfundur Umf. Samhygðar

Aðalfundur Umf. Samhygðar verður haldinn í Félagslundi sunnudaginn 17. janúar. Fundurinn hefst kl. 13:30 og eru á dagskrá hefðbundin aðalfundarstörf. Nýir félagar velkomnir. Vonumst eftir að sjá sem flesta félag.

Glíma

Glímuæfingar í Félagslundi hefjast aftur eftir jólafrí þann 11. janúar. Þær verða með svipuðu sniði og fyrir áramót, Stefán Geirsson þjálfar og hver æfing stendur í klukkutíma, frá 20:00 til 21:00. Áhugasöm ungmenni í Flóhreiði eru hvött til koma og kynnast glímuíþróttinni ef þau hafa ekki áður gert það. Framundan eru Grunnskólámót HSK, Héraðsmót HSK og fleiri mót. Sjáumst hress á nýju ári.

Ógreidd árgjöld

Þeir sem enn hafa ekki greitt árgjald fyrir árið 2009 geta enn gert það. Allir félagsmenn 14 ára og eldri greiða 1.000- kr í árgjald. Ekki er innheimt árgjald af yngri félögum. Félagar eru beðnir um að greiða félagsgjöldin með millifærslu í heimabanka eða hjá gjaldkera í sínum banka. Tilgreina verður nafn og kennitölu greiðenda. Reikningsnúmer Umf. Samhygðar er: 0152-26-23817 og kennitala 471077-1359. Nánari upplýsingar fást hjá gjaldkera Samhygðar Huguínu Geirsdóttur í síma 8487765 eða í tölvupósti huggageirs@hotmail.com

Þorablót í Félagslundi

Laugardaginn 6. febrúar 2010 verður Þorablót Gaulverja haldið í Félagslundi. Húsið opnar kl. 20:00 og hefst borðhald hálf tíma síðar. Ole Olesen reiðir fram veisluföngin og Karma spilar að sjálfsögðu fyrir dansi.

Miðapantanir eru til sunnudagsins 31. janúar hjá Rögnu og Kristjáni á Dverghamri í síma 482-3373 og Margréti og Þorsteini á Syðra Velli í síma 486-3377. Rétt er að minna á að ekki er posi fyrir greiðslukort í Félagslundi.

Sjáumst hress og kát í Félagslundi 6. febrúar.

Nefndin.

Tvö prestaköll verða eitt. Tveir prestar

30. nóvember sl. runnu Hraungerðis- og Selfossprestaköll saman og urðu að einu prestakalli með þjónustu tveggja presta. Kirkjuþing 2009 samþykkti þann ráðahag samhljóða, mótatkvæðalaust. Sennilega hefur þessi breyting ekki verið nægilega vel kynnt, sem svo hefur leitt til viðeigandi missskilnings.

Því vil ég útskýra hvað þessi breyting hefur í för með sér.

Prestaköll eru í eðli sínu oftast samsteypur sókna. Mikilvægt er að hafa í huga að hér er um samruna tveggja slíkra samsteypa að ræða. Í Selfossprestakalli er að vísu bara ein sókn, en í Hraungerðisprestakalli eru þrjár sóknir. Því fylgi ég með Hraungerðisprestakalli inn í hina nýju samsteypu. Nafn samsteypunnar verður Selfossprestakall. Með því hefur Selfosssókn aftur orðið hluti fyrri samsteypu, en sóknin var gerð að sérstöku prestakalli 1. mars 1991 og hefur því staðið utan við prestakallið í tæp 19 ár. Vegna mikillar fjölgunar í þeirri sókn og fyrirsjáanlegrar fjölgunar í Laugardælasókn hefur verið talið eðlilegt að svæðinu öllu væri þjónað af tveimur prestum. Með því nýtast líka betur sérsvið, reynsla og hugsanlega hagnýt sérmenntun prestanna tveggja. Síðan 1907 hefur sá háttur verið hafður á, ef sameina hefur átt prestaköll, að nýta tækifærið þegar annar hinna tveggja presta hefur lokið störfum. Því sameinuðust þessi tvö prestaköll nú. Sóknirnar halda áfram að vera grunneiningar kirkjunnar og verða til með nákvæmlega sama hætti og fyrr. Þjónustan verður hins vegar fjölbreyttari.

Hvernig er þá þjónustunni hagað núna? Ég er sóknarprestur prestakallsins, enda fylgdi ég með öðru prestakallinu. Ég hef óskað eftir að taka til daglegra starfa í Selfoskirkju um svipað leyti og væntanlegur prestur, kona eða karl, kemur til starfa. Vonandi sækja margir um starf prests í prestakallinu. Þangað til þjónar afleysingaprestur í Selfoskirkju þó ég annist tilfallandi sálgæslustörf svæðisins eins og hingað til. Sem sóknarprestur ber ég að sjálfsgöðu ábyrgð á störfum afleysingaprestsins, sé um tengsl við Þjóðskrá, kanna innfærslur í kirkjubækur og annað slíkt. Þegar prestur hefur verið valinn hef ég forustu um að gera faglegan verkaskiptasamning milli okkar til að þjónusta okkar nýtist sem best í sóknum prestakallsins og kynna hann síðan fyrir réttum aðilum. Ég vænti góðrar samvinnu við þá konu eða karl sem til starfa velst og við sóknarnefndir prestakallsins. Nýjungar í starfi og hefðbundið starf verður vel kynnt og kemur vonandi sem flestum sóknarbörnum til góða.

Kristinn Ágúst Friðfinnsson

Flóðgáttin

Í síðasta tölublaði Áveitunnar fengum við kíkja aðeins í kveðskaparkistu Guðmundar bónda í Hraungerði. Þá var honum ofarlega í huga störf bóndans, heyfengur og því um líkt, en aðeins fór hann inn á svið stjórnmalanna. Nú fáum við annan skammt af kvæðagerð Guðmundar en nú er pólitíkin alsráðandi og við gefum honum orðið.

Pólitíkin

Manni finnst studum Steingrímur Sigfússon einn á báti þegar hann þarf að þóknast Samfylkingunni og hefur ekki sína flokksmenn með sér.

*Sígum neðar og neðar
Næstum því bráðum mát.
Áfram þó stöðugt hann streðar
Steingrímur einn á bát.*

Um forsætisráðherra

*Ávalt Jóa eins og fyrr
á Evru bara mænir.
Oftast henni erfiðir
eru vinstri grænir*

Bjarni Benediktsson er af Engeyjarætt. En engin er eiættis var haft eftir Sigfúsi Öfjörð. Bjarni er líka ættaður frá Kaldárholti í Holtum, Hæli í Hreppum og ef lengra er rakið frá Skeggjastöðum og Hraungerði. Hægt er að setja orðið *bresti* í staðinn fyrir *burði* og þá getur vísan þóknast öllum, bæði samherjum hans og andstæðingum.

*Svo skal nefna Bensabur
sem burði hefur nóga.
Úr Engey sagður ættaður
en einnig hér úr Flóa*

Tveir góðir á Mogganum

*Ota sting hins beiska brodds
sem búið hefur Mogga grand.
Deila má um Davíðs Odds
dagleg skrif og Ferdinand.*

Sigmundur Ernir Rúnarsson

Ekki hafa öll mál verið gáfuleg sem frá þinginu hafa komið, þó ófullir hafi afgreitt þau.

*Allir séu ögn við skál
og ekkert hugann þvingi
Því afgreitt hafa ónýtt mál
ófullir á þingi.*

Tunga Jóhönnu

Ýmsir hafa fundið að því að forsætisráðherra okkar talaði íslensku á fundi forsætisráðherra Norðurlanda. Ég vil hins vegar snúa þessu við. Staðreynd er að allt fram á síðustu öld var töluð nánast íslenska upp í dölum í Norður-Noregi og Norður-Svíþjóð. Það var ekki fyrr en útvarp og sjónvarp komu til sögunnar að landsbyggðarfólkið fór að tala höfuðborgarmál þessara landa. Þess vegna hefðu forsætisráðherrarnir átt að funda á þessu gamla sameiginlega máli.

*Hjá ráðherrum ei kastaðist í kekki
Keikir voru og hreinlynd þeirra sál.
En Rasmussen og Reinfeld kunnu ekki
í raun að nota feðra sinna mál.*

Upphafið

Að mínu viti byrjaði frjálshyggjan með Viðeyjarstjórninni 1991-1995. Þá voru settar þær reglur og þær umgjarðir sem gilt hafa í fjármálalífinu síðan. Það voru Davíð Oddsson, Jón Baldvin Hannibalsson og Jón Sigurðsson krati sem fluttu þessi frumvörp í þinginu og voru í fyrirsvari fyrir þau.

*Út í Viðey vildu saman ræða,
og vendu kúrs í stefnu þessa lands.
Á fjármagni nú yrði frjálst að græða
og fótum troða hagsæld almúgans.*

Skattahækkanir

*Seðlabankans í heldjúpan hyl
hurfu þær krónur sem við áttum til.
En dáða hans vegna djarfur ég vil
á Davíðs-hásköttum gera mín skil.*

Minni á að Flóðgáttin er öllum opin fyrir yrkingar sínar. Umsjónarmaður er Stefán Geirsson, netfangið er stegeir@hotmail.com.

Gaulverjabæjarkirkja

Messað verður í Gaulverjabæjarkirkju sunnudaginn 10. janúar kl. 14.00. Prestur er Sr. Sveinn Valgeirsson, kirkjukór Gaulverjabæjarkirkju leiðir safnaðarsöng.

Dagskrá mánaðarins

Þrettándagleði í Félagslundi	6. janúar
Þrettándagleði í Þjórsárveri	6. janúar
Þrettándagleði í Þingborg	7. janúar
Aðalfundur Umf. Baldurs	10. janúar
Aldursflokkamót HSK	10. janúar
Messa í Gaulverjabæjarkirkju	10. janúar
Samlestur fyrir þorrablót í Þingborg	11. janúar
Glímuæfing	11. janúar
Þ-listafundur í Þingborg	11. janúar
Kvinnasport	11. janúar
Þrjónakvöld í Þingborg	12. janúar
Íþróttæfing 5.-7. bekkur	12. janúar
Íþróttæfing 8.b. og eldri	13. janúar
Æfing yngri	13. janúar
Kvinnasport	13. janúar
Aðalfundur Umf. Samhygðar	17. janúar
Glímuæfing	18. janúar
Kvinnasport	18. janúar
Íþróttæfing 5.-7. bekkur	19. janúar
Íþróttæfing 8.b. og eldri	20. janúar
Æfing yngri	20. janúar
Aðalfundur Hrossaræktarfélags Hraungerðishr.	20. janúar
Kvinnasport	20. janúar
Þrjónakvöld í Gaulverjaskóla	21. janúar
Þorrablót í Þjórsárveri	23. janúar
Glímuæfing	26. janúar
Kvinnasport	26. janúar
Íþróttæfing 5.-7. bekkur	27. janúar
Íþróttæfing 8.b. og eldri	28. janúar
Kvinnasport	28. janúar
Æfing yngri	28. janúar
Þorrablót í Þingborg	30. janúar
Þorrablót í Félagslundi	6. febrúar